

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 86. gr.:

- a. 5. málslíður 1. mgr., um nám til MSW-prófs, fellur niður.
- b. 10. mgr., um MSW-próf, fellur niður.
- c. Á eftir 15. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Diplómanám í starfsendurhæfingu er sjálfstætt 60 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í MA-nám í félagsráðgjöf, að uppfylltum inntökuskilyrðum.

2. gr.

Á eftir staflið e í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. 92. gr. bætist við nýr stafliður, svohljóðandi: Til MA-prófs í vestnorrænum fræðum: stjórnun og sjálfbærni.

3. gr.

Við upptalningu kennslugreina í 1. málslíð b-liðar 1. mgr. 115. gr., á eftir orðinu sagnfræði, bætist: hagnýt fornleifafræði.

4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 12. desember 2013.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.